

4. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa Dalvíkurbyggðar

Haldinn í Ráðhúsi Dalvíkurbyggðar 29. júní 2021 kl. 9:00

Mætt til fundar: Þorsteinn Björnsson byggingarfulltrúi, Vilhelm Anton Hallgrímsson og Helga Íris Ingólfssdóttir skipulags- og tæknifulltrúi sem ritaði fundargerð.

1. Lækjarkot í Svarfaðardal.

Lagðar fram raunteikningar, afstaða, grunnmynd, útlit og snið að Lækjarkoti í Svarfaðardal. Einnig lögð fram skráningartafla fyrir húsið sem þarfnast aðeins lagfæringa. Fyrir liggur umsókn eiganda, Sögu G. Jónsdóttur, um að fá húsið skráð sem íbúðarhús, en það hefur verið skráð sem frístundahús. Erindið er samþykkt.

2. Goðabraut 18

Lagðar fram teikningar af breytingum á útliti Goðabrautar 8 á Dalvík unnar af Ask arkitektum. Breytingarnar felast í 1,7 fm stækkun á inngangi og færslu á útihurð. Einnig er fyrirhugað að klæða og einangra húsið ásamt því að skipta út eldri gluggum. Erindið er samþykkt.

3. Svalbarði úr landi Ytra-Hvarfs

Tekin fyrir umsókn Hrefnu Daggar Gunnarsdóttur frá 4. júní 2021 um byggingarleyfi fyrir nýju einbýlishúsi í landi Svalbarðs í Svarfaðardal. Lagðar fram aðalteikningar, afstöðumynd og skráningartafla fyrir húsið unnar af Hjörleifi Sigþórssyni. Erindið er samþykkt.

4. Litlu-Hámundarstaðir

Lagðar fram teikningar af vélageymslu og garðhúsi að Litlu-Hámundarstöðum unnar af Birgi Ágústssyni. Gerðar athugasemdir við framlögð gögn og kallað eftir skýrari gögnum. Afgreiðslu frestað.

5. Ásasund úr landi Ytri-Haga

Lögð fram ósk Gunnars Más Leifssonar og Birgittu Óskar Tómasdóttur um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi í landi Ásasunds. Lagðar fram aðalteikningar, afstöðumynd og skráningartafla af húsinu unnar af Emil Þór Guðmundssyni. Erindið er samþykkt.

6. Ægisgata 1, Árskógssandi

Tekin fyrir umsókn Loga Ásbjörnssonar og Signýjar Jónsdóttur frá 6. júní 2021 um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi að Ægisgötu 1 á Árskógssandi. Meðfylgandi eru aðaluppdrættir, afstöðumynd og skráningartafla unnar af Stefáni Ingólfssyni. Erindið er samþykkt.

7. Sunnubraut 1

Lagðar fram vinnuteikningar af Sunnubraut 1 á Dalvík. Ekki eru gerðar athugasemdir við þær.

8. Miðkot

Tekið fyrir erindi Hafsteins Braga Pálssonar þar sem hann óskar eftir leyfi til þess að fá að rífa véla- og verkfærageymslu sína (matshluti 11) í Miðkoti við Dalvík. Húsið er komið til ára sinna og af því gæti verið fókhatta.

Erindi samþykkt.

Tilkynningar um framkvæmdir

9. Skógarhólar 29d

Tilkynnt um gluggaskipti og útlitsbreytingu tengda þeim. Með erindinu var samþykki allra annarra eigenda hússins fyrir framkvæmdunum.

10. Bjarkarbraut 7

Tilkynnt um gluggaskipti, síkkun á glugga til að gera hurðaup/svalahurð og útlitsbreytingu tengda þessum framkvæmdum. Samþykki beggja eigenda hússins liggur fyrir.

11. Skíðabraut 9

Tilkynnt um gluggaskipti og lítilsháttar útlitsbreytingu tengda þeim.

12. Dalbraut 2

Tilkynnt um gluggaskipti í tveimur gluggum norðan á húsinu.

13. Mímisvegur 5

Tilkynnt um gluggaskipti í fimm gluggum auk lagfæringa á þaki.

14. Grundargata 6 (Sægrund)

Tilkynnt um gluggaskipti og útlitsbreytingu þeim tengdum.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 10:15

Þorsteinn Björnsson

Vilhelm Anton Hallgrímsson

Helga Íris Ingólfssdóttir